

Höfundur og flytjandi: Ingólfur Gíslason, lektor við Deild faggreinakennslu.

Titill: Mállegar aðferðir kennaranema í samskiptum við spjallmenni við lausn stærðfræðiverkefna

Ágrip:

Kennaranemum var sett fyrir að velja og leggja stærðfræðiverkefni fyrir spjallmenni (ChatGPT). Þeir áttu svo að styðja spjallmennið til að leysa verkefnin eins og þeir væru að hjálpa nemanda. Rannsóknin skoðar eðli þessara samtala milli kennaranemanna og spjallmennisins við lausn stærðfræðiverkefnanna: hvernig mátu 24 kennaranemar lausnir spjallmennisins og hvernig studdu þeir það við lausn verkefnanna? Samtölin voru greind með inntaksgreiningu út frá hugtökunum „að segja“ (e. telling; að veita upplýsingar eða leiðbeiningar), matsspurningum (e. assessment moves; að draga fram skilning nemanda) og námsspurningum (e. advancing moves; að hvetja til dýpri hugsunar). Kennaranemarnir beittu mats- og námsspurningum frekar en að segja og í sumum tilfellum notuðu þeir „fíngerðar“ segðir sem leiddu til þess að spjallmennið endurskoðaði lausnir sínar. Sérstaða rannsóknarinnar felst í lýsingu á því hvernig hlutverk segða sem mats- eða framþróunarspurningar mótast í sameiningu í samskiptum þátttakenda, sem ögrar þeirri hugmynd að hægt sé að skilgreina þessar spurningar eingöngu út frá formi þeirra eða ásetningi spyrjandans. Samskipti við spjallmenni sem líkir eftir nemanda geta nýst kennaranemum til æfinga í að spyrja og leiðbeina (mannlegum) nemendum og gefa þeim tækifæri til að ígrunda stærðfræðiverkefni og eðli stærðfræðilegra umræðna.